

## AUGLÝSING

### um breytingu á reglum nr. 276/2004 um fjárhagsaðstoð hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

11. gr. breytist og orðast svo:

#### *Grunnfjárhæð.*

#### *Framfærsla barna ekki talin með.*

Fjárhagsaðstoð til einstaklings 18 ára og eldri getur numið allt að 84.245 kr. á mánuði, hér eftir nefnd grunnfjárhæð.

Fjárhagsaðstoð til hjóna og fólks í skráðri sambúð getur numið allt að 134.792 kr. á mánuði (84.245 kr. x 1,6).

Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu. Undantekning er þegar umsækjandi hefur skertar barnabætur í kjölfar skilnaðar/sambúðarslita og skal þá tekið tillit til skerðingarinnar við mat á fjárþörf.

Fjárhæðir verða endurskoðaðar af félagsmálaráði árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

#### 2. gr.

Breytingar þessar, sem samþykktar voru af borgarráði 30. desember 2004 að fenginni tillögu félagsmálaráðs, eru settar á grundvelli 21. gr. laga nr. 40/1991 með síðari breytingum, gilda frá 1. janúar 2005.

*Borgarstjórnin í Reykjavík, 31. desember 2004.*

**Steinunn Valdís Óskarsdóttir.**